

JOB DESCRIPTION

SIT Study Abroad, Íslandi

World Learning Iceland leitar að nýjum námsbrautarfulltrúa fyrir námsbrautina Study Abroad Iceland: Climate Change and the Arctic, við SIT – School for International Training. Námsbrautin er á grunnháskólastigi og fer fram á vor- og haustönn á hverju ári.

SIT skólinn var stofnaður með þá hugmynd að leiðarljósi að menningartengsl stuðli að jákvæðum samfélagslegum breytingum. Þessi tiltekna námsbraut fæst við tvö aðkallandi viðfangsefni, loftslags- og umhverfismál. Námsbrautarfulltrúinn vinnur náði með námsbrautarstjóra við skipulag námsins. Námsbrautin er staðsett á Ísafirði en starfið felur einnig í sér ferðalög til Reykjavíkur, Akureyrar og Finnlands.

Responsibilities

- Aðstoð við skipulag náms og menningarviðburða fyrir hópinn
- Aðstoð við skipulag ferðaáætlan
- Bókun gistingar og ferðalaga
- Ferðir með hópnum í um það bil fjórar vikur á hvorri önn, þ.m.t. tveggja vikna ferð til Finnlands
- Aðstoð við að leysa úr brýnum málum sem koma upp hjá nemendum, þ.m.t. sem snúa að skipulagi og andlegri og líkamlegri heilsu

Requirements

Í ljósi ofangreindra verkefna og ábyrgðar ætti umsækjandinn að:

- Hafa góða kunnáttu í bæði ensku og íslensku
- Hafa góðan skilning á íslenskri menningu og sögu
- Hafa reynslu af störfum í ferðapjónustu eða tengdum greinum m.t.t. ferðaskipulags
- Hafa reynslu af því að vinna með hópum, sérstaklega í fjölmenningslegu samhengi
- Hafa reynslu af því að vinna með ungu fólki
- Vera sveigjanlegur og fær um að bregðast við bráðatilvikum utan venjulegs vinnutíma, sem og sveigjanleika til að ferðast og vinna fjarri heimili sínu í lengri tíma.

Umsóknir sendist með kynningarbréfi og afriti af ferilsskrá (á ensku eða íslensku) til Dan Govoni í netfangið daniel.govoni@sit.edu

Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2021. Æskilegt er að vikomandi geti hafið störf þann 23. apríl.

CORE VALUES

COMMUNITY

INTERCULTURAL
UNDERSTANDING

SOCIAL INCLUSION &
JUSTICE

SUSTAINABILITY

Um World Learning Inc.

Í áttatíu og fimm ár hefur World Learning unnið að því að skapa friðsamari, sjálfbærari og réttlátari heim.

World Learning er gróskumikil alþjóðleg sjálfseignastofnun sem starfar í 150 löndum og sinnir sex breiðum fræðasviðum. Við vinnum að því að efla alþjóðlega menntun og tryggja að skólar og kennarar hafi það sem þeir þurfa til að styðja við nemendur, þ.m.t. enskunám í gegnum TESOL kennaraþjálfun. Við hvetjum til borgaralegrar þátttöku í samfélögum um allan heim og styðjum við stofnanir svo þær geti sem best þjónað sínu nærsamfélagi. Starfsþróunaráætlanir okkar veita fólki tækifæri til að þroska með sér færni til að ná árangri í starfi.

Allar námsleiðir World Learning byggjast á fimm lykilþáttum: reynslutengdu námi, leiðtogaþróun, starfsháttum án aðgreiningar, nýsköpun og skynsamlegri notkun fjármuna. Við leggjum mikið upp úr því að stofna til samstarfs við aðila úr nærsamfélaginu sem eflir viðkomandi samfélög, þetta á við um sérfræðinga, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Í sameiningu getum við lagt grunninn að betri framtíð.

World Learning er hluti af [World Learning Inc.](#) fjölskyldunni, sem inniheldur The Experiment in International Living og Scool for Internatinal training.

World Learning fylgir jafnréttisáætlun til að auka fjölbreytileika innan raða starfsmanna sinna.